

Alþingi
Erindi nr. P 127/252
komudagur 31.10.2001



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Drífa Hjartardóttir, formaður
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2001
Tilvísun: LAN00030114/011
HS/--

Varðar breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Við breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, sem samþykkt var á Alþingi í desember 2000, féll niður síðari málsgrein 7. gr. laganna sem fjallar um heimild til gjaldtöku vegna þjónustu sóttvarnastöðva fyrir innflutt dýr. Ákvæðið hljóðar svo:

"Eigendur dýra og erfðaeftnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði vegna sýnatöku og rannsókna og opinberum gjöldum."

Landbúnaðarráðuneytið fer þess hér með á leit að hæstvirt landbúnaðarnefnd beiti sér fyrir því að framangreint ákvæði verði tekið upp í lögum á ný.

F.h.r.

Guðm. B. Helgason

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002).

1. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miða að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurstofnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði vegna sýnatöku og rannsókna og opinberum gjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við frágang á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, sem lagt var fram á haustþingi 1999 og afgreitt sem lög frá Alþingi í desember 2000, urðu þau mistök að niður féll 2. mgr. 7. gr. laganna sem varðar heimild til gjaldtöku vegna þjónustu sem eigendur dýra og erfðaefnis greiða fyrir þjónustu sóttvarnastöðva. Til þess að tryggja rekstrargrundvöll einangrunastöðva er óhjákvæmilegt að til staðar sé ótvíræð heimild til gjaldtöku. Slíkri heimild var með sérstökum lögum bætt inn í lögin um innflutning dýra árið 1996 og er með frumvarpi þessu lagt til að ákvæði þau sem niður féllu við lagabreytinguna 2000 verði á ný bætt inn í lögin.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að 2. mgr. 7. gr. laganna sem felur í sér heimild sóttvarnastöð til að taka gjald fyrir veitta þjónustu verði bætt inn í lögin á ný svo sem var fyrir lagabreytinguna í desember 2000.

2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Hjálmar Jónsson formaður
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2000
Tilvísun: LAN00030114/011
HS/--

Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra:

Vð frágang á frumvarpinu urðu þau mistök varðandi 5. gr. frumvarpsins að niður féll 2. mgr. 7. gr. laganna sem varðar heimild til gjaldtöku vegna þjónustu sem einangrunarstöð gæludýra veitir.

Lagt er til að 5. gr. frumvarpsins í heild orðist svo:

"7. gr. orðist svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Landbúnaðarráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnarstöðvar standi undir útgjöldum hennar svo sem almennum reksturskostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði vegna sýnatöku og rannsókna og opinberum gjöldum."

Þess er óskað að hæstvirt landbúnaðarnefnd taki mið af framangreindri ábendingu við afgreiðslu frumvarpsins frá nefndinni.

F. h. r.

Hákon Sigurgrímsson